

**26. fundur notendaráðs um málefni fatlaðs fólks á Akranesi, haldinn í Lindinni
Dalbraut 4,
þriðjudaginn 25. nóvember 2025 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Halldór Jónsson aðalmaður, Ólöf Guðmundsdóttir aðalmaður, Ágústa Rósa
Andrésdóttir aðalmaður, Sólveig Salvör Sigurðardóttir aðalmaður, Jóhanna Nína
Karlsdóttir aðalmaður, Sýlvía Kristinsdóttir aðalmaður, Sveinborg
Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Björnfríður
Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sveinborg Kristjánsdóttir, deildarstjóri farsældarþjónustu
fullorðinna.

Fyrir tekið:

1. 2501132 - Heilsuefning fatlaðs fólks

Framkvæmdastjóri ÍA sótti um styrk í Hvatasjóð til að stuðla heilsuefningu
fullorðinna fatlaðra. Sótt var um 2,2 milljónir, en við fengum eina milljón. Til að
starta verkefninu þyrfti að koma á móti framlag frá Akraneskaupstað. Ósakað er
eftir umræðu um framhaldið.

Velferðar- og mannréttinaráð vísaði málinu til fjárhagsáætlunar vegna ársins
2026.

*Notendaráð mælir með því við bæjarráð að gert verði ráð fyrir fjármagni inn í
fjárhagsáætlun 2026 til að mæta þörfum fatlaðs fólks til heilsuefningar sem stuðlar
að bættum lífsgæðum.*

*Notendaráð felur starfsfólki velferðar- og mannréttindasviðs að vinna áfram að
málinu.*

2. 24042202 - Athugun á þjónustu í búsetuúrræði fatlaðs fólks

Frumkvæðisúttekt á búsetukjörnum fatlaðs fólks á Akranesi fór fram að beiðni
Gæða- og eftirlistsstofnunar haustið 2024. Fenginn var hlutlaus utanaðkomandi
verktaki til að sinna verkefninu og var niðurstöðum skilað í desember 2024.

*Niðurstöður frumkvæðisathugunar kynntar ásamt þeim úrbótum sem unnið hefur
verið að í ljósi niðurstöðu athugunarinnar.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Halldór Jónsson

*Jóhanna Nína
Sylvía B.K.*

*Ágústa R. Andréasdóttir
Ólöf Guðmundsdóttir
Sólveig Salvör Sigurðardóttir*

Sveinborg Kristjánsdóttir
Björnfríður Björnsdóttir

